

Hr. Össur Skarphéðinsson  
Utanríkisráðherra  
Utanríkisráðuneytið  
Reykjavík

Reykjavík, 29. desember 2011

Ágæti ráðherra,

Sjötti fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu var haldinn í utanríkisráðuneytinu hinn 14. nóvember síðastliðinn. Megin dagskrárefni fundarins voru tillaga um gagnsæi í störfum samstarfsráðsins og framkvæmd þróunarsamvinnuáætlunar 2011 – 2014.

Samstarfsráðið ákvað á fundi sínum í apríl síðastliðnum að fjalla sérstaklega um gagnsæi í störfum ráðsins og mælti ég því fyrir tillögu þess efnis á fundinum. Tillagan fól í sér að drög að fundargerðum ráðsins séu send fulltrúum í ráðinu eigi síðar en tveimur vikum frá fundardegi og berist ekki athugasemdir við drögin innan tveggja vikna séu fundargerðirnar gerðar opinberar á heimasíðu utanríkisráðuneytisins. Þá verði bréf formanns til utanríkisráðherra gerð opinber á heimasíðunni eigi síðar en tveimur vikum eftir að ráðherra hefur mótttekið þau. Þá lagði ég til hvernig bregðast skuli við ef formaður telur efnislegar ástæður fyrir því að ekki sé hægt að birta fundargerðirnar og bréfin og skal ráðið þá fjalla um þau tilfelli sérstaklega og taka sameiginlega ákvörðun um birtingu. Fulltrúar í samstarfsráði voru sammála um mikilvægi þess að gera störf ráðsins sýnilegri og gagnsærri og voru tillögur mínar samþykktar samhljóða.

Auk ofangreinds samþykkti ráðið tillögu mína um að þess verði óskað að utanríkisráðuneytið opni sérstakt vefsíðu á heimasíðu ráðuneytisins þar sem finna megi upplýsingar um samstarfsráðið, hlutverk þess og störf, auk þess sem þar verði fundargerðirnar og bréf formanns gerð aðgengileg. Þessari samþykkt ráðsins er hér með komið á framfæri. Starfsmenn ráðuneytisins upplýstu á fundinum að samstarfsráðinu sé þegar gerð ágæt skil á heimasíðunni en hægur vandi sé að gera þær upplýsingar bæði sýnilegri og bæta við umfjöllun um ráðið, þar með talið umrædd gögn sem það hefur ákveðið að gera opinber.

Á fundinum var einnig bent á að nota mætti heimasíðuna til að gera fundargögn aðgengileg fyrir ráðið á vefsíðu með takmörkuðum aðgangi. Slíkt aðgengi yrði ráðinu mjög til hægðarauka og því óska ég eftir því að ráðuneytið taki þá tillögu til skoðunar.

Í tengslum við umfjöllun um gagnsæi spannst umræða um aðkomu frjálsra félagasamtaka og undirbúning þeirra fyrir fundi ráðsins. Ljóst er að samtökin fagna mjög því fyrirkomulagi sem komið hefur verið á með stofnun samstarfsráðsins og því hafa verið skoðanaskipti í þeirra hópi hvernig best sé að standa að samráði og undirbúningi í aðdraganda ráðsfunda. Fulltrúar ráðuneytisins bentu á að samkvæmt ákvæðum þróunarsamvinnulaga frá 2008 sitja fulltrúar félagasamtakanna í ráðinu sem sérfræðingar í þróunarmálum, skipaðir af ráðherra og því í umboði hans. Fulltrúarnir eru ekki sérstakir talsmenn samstarfshóps félagasamtaka eða þeirra einstöku samtaka sem þeir starfa fyrir á hverjum tíma.

Hermann Ingólfsson upplýsti samstarfsráðið um vinnu ráðuneytisins og Prónunarsamvinnustofnunar Íslands við framkvæmd þróunarsamvinnuáætlunar sem samþykkt var með þingsályktun af Alþingi hinn 10. júní síðastliðinn. Fram kom að vinna væri hafin við flesta þætti áætlunarinnar, en jafnframt var bent á að ýmsar tímasettar aðgerðir hennar séu metnaðarfullar og að sumar þeirra kunni að dragast. Þá kom fram að í framlögðu frumvarpi til fjárlaga 2012 sé áætluninni fylgt eftir sem þýði hækkun framlaga frá og með næsta ári. Einnig sé í fjárlögunum nýir fjárlagaliðir sem lagðir voru til í áætluninni. Í máli fulltrúa kom fram

mikil ánægja með samþykkt Alþingis og að stjórnvöld skuli fylgja áætluninni úr hlaði með væntanlegri hækjun framlaga á árinu 2012.

Þórarinna Söebech kynnti starf fagteymis ráðuneytisins og ÞSSÍ í jafnréttismálum en slikt fagteymi er meðal nýjunga í þróunarsamvinnuáætlun. Í kynningunni kom fram að teymið vinnur að móton jafnréttisstefnu í þróunarmálum, gerð nýrrar aðgerðaáætlunar stjórnvalda um framkvæmd ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi og fylgja eftir verkefni ráðuneytisins um kynjaða fjárlagagerð. Þá var sagt frá stofnun fagteyma um orkumál og verklag og eftirlit, og starfslýsingum þeirra dreift til ráðsins. Almenn ánægja er í samstarfsráðinu með þá vinnu fagteymanna sem er hafin. Áhersla var lögð á að gætt sé að þverfaglegri áherslu í störfum þeirra og þannig sé meðal annars vandlega hugað að jafnréttismálum í vinnu þeirra allra. Engilbert Guðmundsson sagði frá undirbúningsvinnu ÞSSÍ að gerð skjals um *Sýn og starfshætti* stofnunarinnar sem verður aðlagað að stefnu og áherslum þróunarsamvinnuáætlunar. Skjalið er unnið í samráði við utanríkisráðuneytið og verðu væntanlega kynnt samstarfsráðinu á fyrri hluta næsta árs.

Engilbert kynnti einnig vinnu sem er vel á veg komin við gerð samstarfsáætlunar fyrir Malaví. Meðal væntanlegra breytinga á þróunarsamvinnu Íslands í Malaví verður aukin áhersla á að þarlend stjórnvöld taki sjálf á sig aukna ábyrgð á þróunarverkefnum. Að mati fulltrúa í ráðinu endurspeglar vinnan við gerð samstarfsáætlana vel þá jákvæðu breytingu að áætlanagerð ráðuneytisins og ÞSSÍ er betur samtvinnuð en áður. Með það í huga ræddi ráðið tækifæri sem felast í samstarfi ÞSSÍ og annarra aðila, svo sem alþjóðastofnana og skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Þá kynnti Svanhvít Aðalsteinsdóttir vinnu við gerð samstarfsáætlunar fyrir Palestínu. Sagði hún frá þeim áskorunum sem Palestínunum standa frammi fyrir, og aðstæðum þeirra á Vesturbakkanum og Gasa, sem og í flóttamannabúðum í nágrannaríkjjunum. Sagt var frá íslenskum sérfræðingum sem starfa á vegum utanríkisráðuneytisins hjá ýmsum stofnunum Sameinuðu þjóðanna á vettvangi, svo sem hjá Palestínuflóttmannastofnun SP (UNRWA) og UNICEF. Skipst var á skoðunum um áherslur og verkefni Íslands á svæðinu, hvort og þá hvernig störf sérfræðinganna falla best að þörfum Palestínumannna, og einnig hvort ástæða sé til að auka áherslu á menntamál í aðstoð Íslands.

Gunnar Salvarsson sagði frá vinnu ÞSSÍ við að móta áherslur í umhverfismálum sem mun nýtast við móton umhverfisstefnu í þróunarmálum samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun.

Hermann Ingólfsson sagði að lokum frá heimsókn rektors Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) til Íslands dagana 3. og 4. nóvember síðastliðinn. Vegna skipulagsbreytinga innan HSP, aukinnar áherslu á akademískt nám og sterkari tengsla við námsstofnanir í þróunarlöndum er ástæða til að skoða framtíðarskipulag skólanna á Íslandi innan HSP. Af því tilefni verður settur á fót sérstakur vinnuhópur skipaður fulltrúum HSP, skólanna á Íslandi og utanríkisráðuneytisins sem mun skila tillögum um hugsanlegar breytingar á næsta ári. Fulltrúar í ráðinu lögðu áherslu á það góða starf sem unnið er innan skólanna og að styrkur þeirra felist í nálægð við starfsemi þeirra stofnana sem hýsa þá.

Með kyeðju,



Valgerður Sverrisdóttir

Formaður Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Afrit. Fulltrúar í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu.